

## Nefndarálit

um till. til þál. um fullgildingu samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Lýðveldisins Suður-Kóreu.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Grétar Má Sigurðsson frá utanríkisráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að fullgilda samning milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Lýðveldisins Suður-Kóreu sem undirritaður var í Hong Kong 15. desember 2006. Samningurinn kveður á um afnám tolla á iðnaðarvörum, sjávarafurðum og unnum landbúnaðarvörum. Þá inniheldur samningurinn ákvæði um þjónustuviðskipti, vernd hugverkaréttinda, samkeppnismál, opinber innkaup, samkeppnismál og úrlausn deilumála.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt**.

Alþingi, 19. apríl 2006.

Halldór Blöndal,  
form., frsm.

Össur Skarphéðinsson.

Magnús Stefánsson.

Drífa Hjartardóttir.

Jón Gunnarsson.

Bjarni Benediktsson.